



**150. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
miðvikudaginn, 25. janúar, 2006, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Erindi frá Umhverfisstofnun.

Bent er á að skv. lögum skal sveitarstjórn semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til minnst tólf ára. Skal áætlunin byggja á markmiðum landsáætlunar.

Bæjarráð beinir erindinu til nýstofnaðs sorpsamlags á Norðurlandi vestra um að gerð verði svæðisáætlun f.h. aðildarsveitarfélaga.

2. Erindi frá Siglingastofnun.

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna sjóvarna við Blönduós sbr. samgönguáætlun 2005. Bæjarráð samþykkir að veita framkvæmdaleyfið en vísar erindinu til kynningar í skipulags- og byggingarnefnd.

3. Erindi frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Lögð fram til staðfestingar ný gjaldskrá fyrir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra. Bæjarráð staðfestir gjaldskrána.

4. Erindi frá Lögmannsstofu Magnúsar B. Brynjólfssonar hdl.

Lagt fram bréf Magnúsar Björns Brynjólfssonar þar sem mótmælt er f.h. landeigenda að Þorbrandsstöðum og Buðlunganesi, álagningu fjallskilagjalds skv. gangnaseðli.

Bæjarráð vísar erindinu til lögmanns sveitarfélagsins og felur honum að svara bréfitara.

5. Erindi frá Björgunarfélaginu Blöndu.

Óskað er eftir því að bæjarráð taki aftur til afgreiðslu beiðni um styrk vegna hitaveitugjalda. Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera samstarfssamning við björgunarsveitina vegna styrkveitinga til 2ja ára.

6. Bréf frá Landslögum – lögfræðistofu v. beitolanda H1 og H2.

Lagt fram minnisblað lögfræðistofunnar vegna beitolandanna. Bæjarráð frestar afgreiðslu fram til næsta fundar bæjarráðs.

7. Bréf frá Hjallanesi ehf.

Í bréfinu er gerð grein fyrir stöðu veiða Óla Hall HU 14 á byggðakvóta. Þess er jafnframt farið á leit að skipinu verði úthlutaður meiri byggðakvóti. Afgreiðslu frestað.



8. **3ja ára fjárhagsáætlun, 2007 – 2008 – 2009.**
Lögð fram vinnugögn og þau yfirfarin. Gögnum er vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.
9. **Önnur mál voru engin.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:00.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)